
Fundargerð



ÍSLENSKI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Aukaársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn þann 24. október
2018, kl. 17:00 í útibúi Landsbankans, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Braga Gunnarsson hdl. í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda. Bragi tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og tilnefndi Pétur Pétursson, starfsmann Landsbankans, sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri kannaði næst lögmati fundarins. Samkvæmt samþykktum sjóðsins, sbr. gr. 6.1., skal stjórn boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu 2. október 2018, á vef Íslenska lífeyrissjóðsins sama dag. Fundarstjóri lýsti því yfir að um eðlilega og lögmeta boðun væri að ræða, engar athugasemdir komu úr sal og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár en eitt mál var á dagskrá.

1. Breytingar á samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins.

Fundarstjóri gaf Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið og fór hann yfir þær samþykktarbreytingar sem lagðar voru til.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi Páli fyrir og sagði orðið laust ef einhver vildi taka til máls. Enginn óskaði eftir því að tjá sig um samþykktarbreytingarnar sem lagðar voru til.

Kosið var með handauppréttingu og voru breytingarnar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

2. Önnur mál

Fundarstjóri kvað orðið laust. Enginn bað um orðið.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð fundar til að ganga frá fundargerð. Fundi var slitið kl. 17:10.

Sjóðfélagar á fundi voru 13 og vægi atkvæða 0,26%.

